

Reykjavík, 28. október 2024

Viðtakandi: Íbúaráð Grafarvogs

Sendandi: Alexandra Briem, formaður Stafræns Ráðs.

Daginn,

Þetta bréf er ritað til að svara fyrirspurn íbúaráðs Grafarvogs vegna tillögu um uppsetningu öryggismyndavéla í Grafarvogi.

Þessi tillaga hefur verið nokkuð rædd, en á endanum er það þannig að eftirlitsmyndavélakerfi á almannafæri í Reykjavík eru rekin samkvæmt samkomulagi við Lögregluna á Höfuðborgarsvæðinu.

Þegar ákveðið er hvar það eftirlit ætti að fara fram er stuðst við upplýsingar frá lögreglu um það hvar mest gagn væri að því og þar með hvar lögreglan telur sínum fjármunum vel valið í að reka slíkt kerfi. Nú er verið að endurskoða það samkomulag til að ganga úr skugga um að notkun á kerfinu falli að þeim kröfum sem Reykjavíkurborg gerir, svosem um persónuverndarsjónarmið.

Það er ekki vilji fyrir því hjá borgarstjórn að fara í sjálfstæða uppsetningu á eftirlitskerfum utan við þetta samkomulag, þó vissulega væri lögreglan tilbúin til að fá meiri eftirlitsgögn án þess að þurfa að greiða fyrir rekstur þeirra kerfa. Það er ekki fordæmi sem við viljum setja og teljum það mikilvægt að hafa þennan skýra ramma um eftirlitsmyndavélar og notkun þeirra þar sem þær teljast nauðsynlegar.

Því er það óheppilegt að þessi tillaga hafi á sínum tíma farið í kosningu, en hún átti ekki heima þar. Þar sem það hvar eftirlitsmyndavélar eru settar upp er ákveðið samkvæmt þessu verklagi með lögreglu en ekki með íbúakosningu á hverjum stað. Tillagan fellur utan þess sem Hverfinu mínu er ætlað að ákveða. Til þess að skerpa á þessu var Hverfið mitt uppfært á síðasta kjörtímabili til að gera alveg skýrt að öryggis og viðhaldsmál séu ekki hluti af viðfangsefnum verkefnisins.

Ef afstaða lögreglu breytist á þann veg að þeim finnist það mikilvægt að taka upp slíkt eftirlit á þessum stað er alveg mögulegt að þetta geti breyst við endurskoðun samkomulagsins, en það stendur ekki til á þessu stigi.

Bestu kveðjur,

Alexandra Briem